

Nd. 375. Frumvarp til laga [167. mál]

um breyting á lögum nr. 58 frá 28. júní 1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

5. gr. laga nr. 58 frá 28. júní 1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., orðist svo:
Þegar skuldari greiðir eigi skuld sína á réttum tíma, er hann skyldur til frá eindaga skuldarinnar, unz hann greiðir hana, að greiða skuldareiganda þá dráttarvexti af henni, sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt 13. gr. laga nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands, og skulu það jafnframt vera hæstu leyfilegir dráttarvextir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Önnur lagaákvæði um dráttarvexti skulu halda gildi sínu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 13. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 10 frá 29. marz 1961, sbr. og greinargerð fyrir þeirri grein, er kveðið svo á, að bankastjórn Seðlabankans hafi heimild til að ákveða hámarksvexti samkvæmt lögum nr. 58 frá 28. júní 1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl. Í þeim lögum er alltaf, þegar rætt er um vexti, vísað til vaxtaákvörðunarheimildar Seðlabankans í 16. gr. laga nr. 63/1957, nú 13. gr. laga nr. 10 frá 1961, nema í 5. gr. um dráttarvexti. Af þessu kynni að vera dregið í efa, að umrædd heimild Seðlabankans taki til ákvörðunar dráttarvaxta, sem öðrum en innlánsstofnunum væri heimilt að áskilja sér, og gæti slíkur vafi orsakað mismunandi dráttarvaxtatöku innlánsstofnana annars vegar og annarra aðila hins vegar. Hér er því lagt til, að 5. gr. laga nr. 58 frá 28. júní 1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., verði breytt á þá leið, að hún verði ótvíræð og vafalaus, hvað snertir umrædda dráttarvexti.

Um 1. gr.

Í núgildandi ákvæði 5. gr. laga nr. 58 frá 28. júní 1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., er kveðið svo á, að greiði skuldari eigi skuld sína á réttum tíma, er hann skyldur til frá eindaga skuldarinnar, unz hann greiðir hana, að greiða skuldareiganda í dráttarvexti af henni einum meira af hundraði en heimilt er í 1. gr. sömu laga eða um hefur verið samið milli aðila, þó svo að dráttarvextir fari aldrei meira en 1% fram úr vaxtahæð þeirri, sem getur um í 2. og 3. gr. laganna. Hér er því hins vegar slegið föstu, að dráttarvextir þessir skuli vera jafnháir og Seðlabanki Íslands leyfir innlánsstofnunum hæst að taka, sbr. 13. gr. laga nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.